

Skýrsla Fagdeildar nýrnahjúkrunarfræðinga starfsárið mars 2019 til mars 2020

Félagatal: 51

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Margrét Björnsdóttir formaður, Selma Maríusdóttir gjaldkeri og Margrét Sigurðardóttir ritari.

Félagsgjald 2500

Stjórnarfundir:

Fjöldi skráðra stjórnarfunda á síðasta starfsári voru 4, auk tölvupósta sem sendir voru milli stjórnarmeðlima. Hlé var gert á fagdeildarstarfi yfir sumarmánuðina. Auk þessa voru haldnir undirbúningsfundir með Jónínu Sigurgeirsdóttir úr stjórn Fagdeildar lungnahjúkrunarfræðinga vegna sameiginlegrar haustfræðslu og jafnframt voru fundir haldnir með meðlimum úr félagi nýrnalækna til undirbúnings vegna Alþjóðanýrnadagsins sem stóð til að halda 20.3.2020.

Innlend starfssemi:

Starfsárið 2019 hófst með Aðalfundi og málþing fagdeildar nýrnahjúkrunarfræðinga. Á aðalfundi voru hefðbundin aðalfundarstörf en málþing var fremur tileinkað 100 ára afmælisári hjúkrunar. Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir fræddi okkur um aldarsögu hjúkrunarfræðinga í fyrirlestrinum: "Þekking, færni og umhyggja". Einnig fengum við fyrirlestur frá Pálmari Ragnarsyni sem fjallaði um jákvæð samskipti á vinnustöðum. Báðir fyrirlestrarnir voru mjög áhugaverðir

Haustfræðsla Fagdeildar nýrnahjúkrunarfræðinga var haldinn 9.10. 2019 kl 16:30 í fundarsal FÍH að Suðurlandsbraut 22. Að þessu sinni héldum við fræðsluna með Fagdeild lungnahjúkrunarfræðinga. Á dagskrá voru tvö erindi: "Eru verkir í brjótakassa fylgikvilli langvinnrar lungnateppu" sem Þorbjörg Sóley Ingadóttir sérfræðingur í hjúkrun lungnasjúklinga hélt einnig kom Katrín Edda Snjólaugsdótti MSc hjúkrunarfræðingur í líknarráðgjafateymi LSH erindið "Virðing í heilbrigðisþjónustu".

Fréttabréf var sent til félagsmanna fagdeildarinnar þar sem greint var frá viðburðum á vegum deildarinnar, málefnum auk annarra fréttar

Formaðurinn og gjaldkerinn sátu fundi á vegum FÍH þar sem formenn Fagdeilda innan hjúkrunar hittust og réðu ráðum sínum.

Styrkur hefur fengist frá FÍH að upphæð 300.000 fyrir árið 2020 og er hann sá sami og fékkst fyrir árið 2019. Hluti af styrk sem fékkst fyrir árið 2019 var notaður til að greiða fyrir kostnað af haustfundi. Hluti af styrk fyrir árið 2020 verður notaður til að greiða fyrir kostnað af aðalfundi og málþingi 2020.

Enginn hefur sótt um styrk til fagdeildar en reglur um úthlutun voru samþykktar á aðalfundi 2017.

Margrét Björnsdóttir,formaður